

## 1. Stjórnarfundur Náttúrustofu Austurlands 2023

Haldinn þann 13. apríl 2023 kl. 16:00 í Múlanum Neskaupstað

Mætt: Stefán Bogi Sveinsson meðstjórnandi og fulltrúi Múlapings, Gunnar Sveinbjörn Ólafsson, ritari og fulltrúi Fjarðabyggðar, Líneik Anna Sævarsdóttir sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna og formaður og Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður.

### 1. Ársreikningur rekstrarársins 2022

Forstöðumaður fór yfir ársreikning ársins 2022. Starfsár Náttúrustofunnar var hefðbundið: Afar annasamt og fjölbreytt. Afkoma ársins 2022 var neikvæð um 13.258.893 kr. Þessi upphæð var færð til lækkunar á eigin fé Náttúrustofunnar. Í árslok 2022 námu eignir Náttúrustofunnar 141.006.602 kr. Bókfært eigið fé var kr. 107.758.905 kr. og eiginfjárlutfall 76%. Ársreikningur samþykktur.

### 2. Ársskýrsla rekstrarársins 2022

Drög að ársskýrslu fyrir starfsárið 2022 kynnt. Ákveðið að hún verði birt á heimasíðu Náttúrustofunnar.

### 3. Prókúra

Formaður stjórnar og forstöðumaður undirrita eyðublaðið *Tilkynningu um forstöðumann* sem prókúruhafa. Forstöðumanni falið að koma því til skila til Fyrirtækjaskrár.

### 4. Verkefni ársins

Ennþá óljóst með nokkur stærri verkefni, útlit fyrir annasamt ár.

### 5. Önnur mál.

Starfsmannamál, reglur, viðmið, styrkir o.fl. rætt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.28

Fundargerð ritaði Gunnar S. Ólafsson